

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn skólanefndar fimmtudaginn 28. febrúar 1991. Guðbjörg og Sigríður boðuðu forföll en Hjálmar og Kristbjörn fóru á fyrsta fund Hákonar Torfasonar, deildarstjóra byggingadeildar Menntamálaráðuneytisins, og ræddu við hann um hugsanlegan samning vegna viðbyggingar. Hákon taldi að ráðuneytið þyrfti að fá í fyrsta lagi bygginganefndarteikningar í öðru lagi stofnbúnaða skrá með áætluðu verði og í þriðja lagi kostnað vegna lóðarframkvæmda. Þá fóru Kristbjörn og Hjálmar til Harðar Björnsson og Harðar Harðarsonar arkitekta og ræddu við þá um stöðu mála. Niðurstaða þess fundar varð sú að þeir munu hafa bygginganefndarteikningar tilbúnar fimmtudaginn 7. mars 1991.

Haldið heim á leið. Hjálmar skráði.